



# VIÐAUKI MEÐ PRÓFSKÍRTEINI (\*)



## 1. STARFSHEITI, HEITI STARFSGREINAR EÐA NÁMSBRAUTAR

**Heilbrigðisritari**

## 2. ÞÝTT HEITI SKÍRTEINISINS ( EN )

**Medical secretary**

Þessi þýðing hefur ekkert lagalegt gildi.

## 3. LÝSING Á KUNNÁTTU OG FÆRNI

### Handhafi

- býr yfir samskiptafærni til að geta átt samskipti við ólíka einstaklinga með ólíkar þarfir og getur tekist á við erfið samskipti
- þekkir siðareglur, sýnir siðferðisvitund og gætir þagmælsku í störfum sínum
- býr yfir góðri tölvukunnáttu og kann að nota ýmis sérhæfð forrit sem notuð eru á heilbrigðisstofnunum við gerð vaktaáætlana og sjúklingabókhalds
- hefur þekkingu á varðveislu upplýsinga, skráningakerfum og upplýsingaleit
- hefur þekkingu á skjalavörslu og tölvuskráningu
- þekkir verklagsreglur sem varða pantanir og vörustjórnun
- er fær um að vinna sjálfstætt, sýna frumkvæði og geta forgangsraðað verkefnum eftir því sem við á
- hefur tileinkað sér fagmennsku og vinnur samkvæmt þeim gæðaviðmiðum og lagareglum sem um störf hans gilda
- þekkir þau lög og reglugerðir sem viðkoma starfi og starfsvettvangi og getur veitt almennar upplýsingar er varða þjónustu og/eða úrræði
- vinnur eftir gæðaviðmiðum/gæðahandbók, þekkir vinnuvernd og öryggisferla á vinnustað og er fær um að veita skyndihjálp ef slys eða óhöpp ber að höndum

## 4. STARFSSVIÐ SEM SKÍRTEINISHAFI HEFUR AÐGANG AÐ

Starfsvettvangur heilbrigðisritara er á sjúkrahúsum, heilsugæslustöðvum, lækna stofum og hjá einkafyrirtækjum. Þeir vinna náið með öðrum fagstéttum og eiga samskipti sjúklinga, aðstandendur, samstarfsfólk, sjúkradeildir og aðrar stofnanir. Heilbrigðisritarar vinna við móttöku skjólstæðinga/sjúklinga, sinna sjúklingabókhaldi, símsvörum og ýmiss konar umsýslu og skráningu gagna. Heilbrigðisritarar taka niður beiðnir og koma áleiðis til réttra aðila t.d. frá heimahjúkrun, læknavakt, stoðdeildum og aðstandendum, undirbúa teymisvinnu og gera dagsáætlanir. Þeir kalla inn sjúklinga af biðlista, panta ýmsar rannsóknir og þjónustu fyrir sjúklinga og taka á móti rannsóknarsvörum. Heilbrigðisritarar taka þátt í starfsmannabókhaldi og skráningu vaktaáætlana, hafa þekkingu á verklagsreglum varðandi pantanir og vörustjórnun.

### (\*) Skýringar

Þessu skjali er ætlað að veita nánari upplýsingar um tilgreint skírteini en hefur sem slíkt ekkert lagalegt gildi. Framsetning þessarar lýsingar byggist á eftirtöldum textum: Ályktun ráðsins 93/C 49/01 hinn 3. desember 1992 um gagnsæi hæfnikrafna, Ályktun ráðsins 96/C 224/04 hinn 15. júlí 1996 um gagnsæi prófskírteina í starfsmenntun og Tilmælum Evrópuþingsins og ráðsins 2001/613/EC hinn 10. júlí 2001 um ferða- og dvalarfrelsi innan Evrópusambandsins fyrir námsmenn, þá sem eru í þjálfun, sjálfbóðaliða, kennara og leiðbeinendur.

Nánari upplýsingar fast hjá: [www.cedefop.eu.int/transparency](http://www.cedefop.eu.int/transparency)

© Evrópusambandið 2002

## 5. LÖGFORMLEG ATRIÐI

<b>Nafn og staða stofnunar er gefur út skírteinið</b> Framhaldsskóli á Íslandi sem starfar á grundvelli laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla sem mennta- og menningarmálaráðherra gefur út.	<b>Nafn og staða stjórnvalds lands eða svæðis sem annast vottun eða staðfestingu skírteinisins</b>  Mennta- og menningarmálaráðuneytið
<b>Menntunarstig skírteinisins (í landinu eða alþjóðlega)</b> Framhaldsskólastig Isced 3 Íslenski hæfniramminn (ISQF) 2. þrep – EQF 3. þrep	<b>Einkunnakvarði/ Kröfur til að standast próf</b> 1-10 Lágmarkseinkunn 5.
<b>Dæmi um áframhaldandi nám</b> Viðbótarnám til stúdentsprófs	<b>Alþjóðlegir samningar</b>
<b>Lagalegur grunnur</b> Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008.	

## 6. UMFANG OG SKIPULAG MENNTUNAR

Meðalnámstími er um tvö og hálf ár og á þeim tíma er námi og kennslu hagað sem hér segir: nám í skóla fjórar annir, að próftíma meðöldum. Vinnustaðanám er samtals 12 vikur.

### Inngönguskilyrði

Grunnskólapróf

### Viðbótarupplýsingar

Frekari upplýsingar er að finna á:  
[www.menntamalaraduneyti.is](http://www.menntamalaraduneyti.is)

### Upplýsingamiðstöð í landinu

Mennta- og menningarmálaráðuneytið, [www.menntamalaraduneyti.is](http://www.menntamalaraduneyti.is)